

Sp.

696. Þingsályktun

um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

(Afgreidd frá Sp. 17. des.)

Alþingi ályktar að fela nýbýlastjórn ríkisins að láta fara fram í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og milliþinganefnd búnaðarþings athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar, bæði einstakra býla og býlahverfa, í sveitum landsins. Jafnframt er nýbýlastjórninni falið að gera skýrslur um, hversu háttáð er eignarrétti og umráðum á landi því, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. Nýbýlastjórnin leggi skýrslu um þessar rannsóknir fyrir Búnaðarfélag Íslands, Alþingi og ríkisstjórn ásamt tillögum um, á hvern hátt verði tryggður aðgangur að hinu hentugasta landrými til nýbýlamyndunar. Kostnaður við framkvæmd þessa greiðist úr ríkissjóði.